

að hún færi til helvítis þegar hún *væri dái*, ef hún gerði nokkuð ljótt." (bls 12). Víðast í þeirri sögu eru fornöfnin sett fram-an við hvert mannsnafn. Það er alstaðar „*Hún Ólöf.*“— „Dan-tid, hon Aaslaug vard vaksi jenta.“ „*Hon Aaslaug drog til stöd-uls.*“ „*Han gamla Knut Husaby lagde seg heldr aldri utan i skinnbróki*“— segir Björnson á landsmálinu norska. Það læt-ur verr í eyra á landsmálinu íslenzka, enda er það ekki lands-málið íslenzka. Með þessum seikna „*hann*“ og „*hún*“ íburði tala engir á látlusu hversdagsmáli. Vér getum þessa aðeins vegna þess, að sú þjóðsaga gengur að enginn eigi eins skemti-legan stíl eins og Einar Hjörl. En oss finnst mikið vanta á að þessi frásöguháttur geti látið vel í eyrum, og alls ekki frítt við, að hann fylli röddina með flágjalla, þegar sagan er lesin upphátt.

Efni sögunnar er hugleiðing sveitarbarns um fráfall húsmóður sinnar, er verið hefir barninu vernd. Það veltir fyrir séi öllum vandamálum guðfræðinnar um réttlætisdóma guðs, hálfsofandi í rúminu, og lendir síðan út á algjörðan „Universalism,“ finnur að algjör útskúfun er ósamkvæm réttlæti guðs. Ekki svo ólag-legt af sveitarbarni umkomulausu.

Í þessum tveim sögum er það eiginlega höfundurinn sjálfur, niðursetningurinn og „Sigurlaug gamla,“ er söguna segir af vitlausu Gunnu, er hugsar, talar og ályktar. Og þótt hann bregði á sjálfan sig þessu gerfi má þekkjá manninn, hugsandi og gruflandi undir gerfinu. Hann er nokkurskonar bókmennatallegur Grímur Ægir, einn sprettinn sveitarkrakki, annan sprett-inn kerling. En hvers kyns sem persónurnar eru, veiður eðli þeirra og skapnaður hans eigið eðli og skapnaður.

Lang bezta sagan í bókinni er „*Purkur*“ og fyrir þá smá-sögu er bókin meira verð en hún kostar. Sú saga er látlauast sögð, undraverð lýsing á dauðastríði öreigans og aumingjans, eltur mitt í óráðinu af lánleysi og bjargarleysi heimilisins, sem hann er að deyja frá. Þá er sagan „*Skilnaður*“ góð saga líka, um algengt efni, sonurinn að fara til Ameríku, og verður að skiljast við ástríka og örvasa móður, er þolir ekki af honum að sjá og fær að deyja áður en hann siglir. Fyrsta sagan, „*Góð Boð*,“ er sú lang tilkomumesta „*Allegoria*“ sem samin hefir verið á íslenzku.

---